

þess, að hann fann til þess, að hann gerði rangt með því að fara ekki til kirkju? Enginn afsakar sig með ósannindum, þegar hann gerit það, sem er rétt.

K. K. Ö.

„Smjör“-barnið.

Einn kaldan morgun árið 1890 hlupu tvær litlar stúlkur, dætur trúboða eins í Kína, út í eldhúsið heima hjá sér til að verma sig við matreiðslustóna. Þar sáu þær böggul, sem þær áttu ekki von á. Og þær flýttu sér að taka utan af honum. Hvað haldið þið þær hafi fundið? Svo-litla kínverska stúlku með tindrandi augum!

„Ó megum við ekki eiga hana?“—sögðu litlu stúlkurnar báðar í senn. „Við skulum gera hvað sem er, ef við bara megtum það.“ Það varð svo úr, að litlu stúlkurnar samþyktu að neita sér um smjör í heilt ár, og því, sem þær söfnuðu þannig, átti að verja til að sjá fyrir barninu. Smjörið kom alla leið frá Ameríku og var mjög clýrt, svo sparnaðurinn var þó nokkur. Litla „smjör-barnið“ heitir Lilja. Hún óx vel og dafnaði og varð mjög efnileg. Nú er hún á sextánda árinu og gengur á skóla í Peking. Hún er bæði falleg og góð stúlka.

Í fyrra sumar var hún í skóaleyfinu hjá annarri litlu stúlkunni, sem tók hana að sér, þegar hún var ung barn, og gekk oft langar leiðir með henni. Fæturnir á henni voru ekki vafðir eins eg á öðrum kínverskum stúlkum. Þess vegna fellur henni ekki ervitt að ganga. Enda slítur hún fleiri kínverskum tauskóm á mánuði en aðrarar kínverskar stúlkur með sína skemdu fætur á hálfu ári. Eitt sinn gekk hún upp á tindinn á háu fjalli, og er hún áreicðanlega sá fyrsti kínverski kvennaður, sem það hefur gert.

Litla „smjör-barnið“ er þannig orðið að vel mentaðri og hraustri stúlku, sem á líf sitt og velferð að þakka sjálfsafneitun litlu stúknanna trúboðans.

K. K. Ö., úr
The Foreign Missionary.

Heimska tréð.

Birkitréð var lengi búið að standa í litlu lægðinni sinni. Þar fæddist það. Þar var það barn. Og nú var það orðið fullorðið; en enn lá var það í lægðinni sinni.

Það hafði vaxið beint, og limið var þétt á því. Og öllum þótti vænt um það. Börnunum þótti gaman að leika sér hjá því. Og stundum klifruðu drengirnir upp í það, Og þegar þeir